

195 fundur stjórnar SSV - Fundargerð

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 18 mars kl.10.00 á Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi

Mætt voru; Ragnar Sæmundsson, Einar Brandsson, Elín Ósk Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Sigurður Guðmundsson, Ingibjörg Þ. Steinudóttir, Jakob B. Jakobsson og Júníana Óttarsdóttir. Sigurbjörg Ottesen sat fundinn á Teams. Guðveig Eyglóardóttir og Jósef Kjartansson boðuðu forföll en varamenn þeirra höfðu ekki tök á að mæta. Auk þess sat fundinn Páll S. Brynjarsson og ritaði fundargerð.

Sigríður Helga Sveinsdóttir endurskoðandi frá KPMG sat fundinn undir lið 1, Sigursteinn Sigurðsson fagstjóri undir dagskrárliðum 6 og 7 og þau Margrét Björk fagstjóri, Hrafnhildur Tryggvadóttir atvinnuráðgjafi og Kristján Guðmundsson verkefnisstjóri og framkvæmdastjóri Markaðsstofu Vesturlands undir lið 10.

Ragnar Sæmundsson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

Dagskrá

1. Fundargerð frá 194 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 194 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Ársreikningur SSV 2025

Á fundinn mætti Sigríður Sveinsdóttir endurskoðandi frá KPMG og kynnti ársreikning SSV fyrir árið 2025. Fram kom að rekstrarniðurstaða SSV var jákvæð um kr. 3.617.374.-. Eigið fé er kr.96.358.284.- og veltufé frá rekstri kr.5.174.574.-. Stjórn SSV samþykkti reikninginn og vísaði honum til staðfestingar aðalfundar SSV.

3. Aðalfundur SSV 2026

Framlögð dagskrá fyrir aðalfund SSV 2026. Stjórn samþykkti tillögu að dagskrá.

Jafnframt samþykkti stjórn að auka aðalfundur SSV fari fram 1. júlí 2026.

4. Öndvegisstyrkir Sóknaráætlunar Vesturlands

Lögð fram tillaga að úthlutunarreglum fyrir Öndvegisstyrki Sóknaráætlunar Vesturlands 2026. Gert er ráð fyrir að auglýst verði eftir umsóknum um styrkina fyrir lok marsmánaðar. Stjórn SSV samþykkt úthlutunarreglurnar og samþykkti jafnframt að úthluta í gegnum öndvegisstyrki þeim 35 m.kr. sem SSV fékk í viðaukasamning við Sóknaráætlun Vesturlands í janúar 2026, auk þess að úthluta þeim 10 m.kr. sem stjórn Uppbyggingarsjóðs Vesturlands hafði samþykkt að færi til öndvegisstyrkja.

5. Samgönguáætlun 2026-2024

Framkvæmdastjóri greindi frá fundi fulltrúa SSV með umhverfis- og samgöngunefnd Alþings sem fór fram 3 mars s.l. Auk fulltrúa SSV sátu fundinn fulltrúar frá sveitarfélögum á Vesturlandi. Á fundinum gafst tækifæri til þess að fylgja eftir umsögnum um Samgönguáætlun 2026-2040.

Stjórn ræddi tillögu að Samgönguáætlun fyrir 2026-2040. Stjórn samþykkti að óska eftir fundi með þingmönnum NV-kjördæmis til fylgja eftir áherslum SSV varðandi tillöguna.

6. Menningarhús á Vesturlandi

Á fundinn mætti Sigursteinn Sigurðsson fagstjóri menningar- og velferðarmála hjá SSV og kynnti minnisblað um uppbyggingu menningarhúsa á landsbyggðinni. Eins og staðan er í dag hafa allir landshlutar utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja fengið stuðning til uppbyggingar slíkra húsa að Vesturlandi undanskildu. Fram kom að landshlutasamtökin hafa í sameiningu verið að vinna skýrslu menningarhús og er vinnu við hana að ljúka þessa dagana.

Stjórn samþykkti að Sigursteinn kynni skýrsluna fyrir á næsta fundi stjórnar.

7. Húsnæði SSV að Bjarnarbraut 8

Á fundinn mætti Sigursteinn Sigurðsson fagstjóri menningar- og velferðarmála hjá SSV og kynnti minnisblað um könnun sem gerð var meðal starfsmanna SSV um aðstöðu og búnað á skrifstofunni að Bjarnarbraut 8. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að láta vinna sviðsmyndir af mögulegum breytingum á húsnæðismálum SSV og kynna fyrir stjórn.

8. Línustæði, eignarréttur og endurgjald

Lögð fram skýrsla Torfa Jóhannessonar ráðgjafa um Línulagnir, eignarrétt og endurgjald. Torfi vann skýrsluna fyrir SSV og SSNV og var hún kynnt á Teamsfundi 6 mars s.l. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra, í samráði við SSNV, að óska eftir fundi með forstjóra Landsnets, auk þess að skipuleggja íbúafundi þar sem Torfi myndi kynna skýrsluna.

9. Kveikjan nýsköpunarverkefni

Lögð fram drög að samningi við Drift EA. um verkefnið Kveikjuna sem Drift í samstarf við SSV hyggst setja af stað á Vesturlandi. Samþykkt hefur verið að leggja fram 8 m.kr. úr áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands til verkefnisins. Stjórn lýsti yfir ánægju með verkefnið og fól framkvæmdastjóra að ljúka samningum við Drift.

10. Sólmyrkvi

Á fundinn mættu Margrét Björk, Kristján Guðmundsson og Hrafnhildur Tryggvadóttir starfsmenn SSV og kynntu minnisblað um vinnu Markaðs- og Áfangastofu Vesturlands með sveitarfélögum og öðrum hagaðilum á Vesturlandi vegna sólmyrkva sem verður þann 12 ágúst 2026. Stjórn lýsti yfir ánægju sinni með vinnuna og hvetur sveitarfélögin á

Vesturlandi til að leggja sitt af mörkum við undirbúning og skipulag vegna þessa náttúru viðburðar sem mun laða fjölda ferðamanna inn á Vesturland.

11. Umsögn um sveitarstjórnarlög

Rætt um umsögn SSV um frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna um umsögn um frumvarpið með áherslu á lagagreinar um samstarf sveitarfélaga.

12. Tilnefningar í stjórnir

Stjórn SSV þarf að tilnefna fulltrúa í stjórn Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og stjórn Starfsendurhæfingar Vesturlands. Stjórn samþykkti að tilnefna Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttir áfram sem aðalfulltrúa í stjórn Símenntunar og Hlöðver Gunnarsson sem varamann. Þá samþykkti stjórn að fela framkvæmdastjóra að tilnefna fulltrúa í stjórn Starfsendurhæfingar Vesturlands.

13. Féttir af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Einar Brandsson stjórnarmaður hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fór yfir helstu verkefni á vegum þess. Í kynningu sinni kom Einar m.a. inn á drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (afnám áminningarskyldu), endurskoðun á umgjörð siðanefndar Sambandsins, fjármögnun á þjónustu við fatlaða og börn með fjölpættan vanda.

14. Framlögð mál

Lagðar fram fundargerðir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og öðrum landshlutasamtökum. Undir þessum lið varð umræða um samstarf sveitarfélaga í stafrænum málum og hvort gagnlegt væri að auka samstarfið á Vesturlands vísu.

Fundi slitið kl.13.10